



Áfanganúmer: FÉLA2AA10

Prep: 2

Einingar: 10

Forkröfur: Engar

Lýsandi heiti: Félagsfræði upphaf og kenningar

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um frumkvöðla félagsfræðinnar og kynntar helstu kenningar og rannsóknaraðferðir greinarinnar. Tengsl einstaklinga og samfélags eru skoðuð og greind í ljósi ólíkra kenninga. Í áfanganum er farið yfir vítt svið félagsfræðinnar og nemendur fá þjálfun í að beita félagsfræðilegu innsæi við túlkun á samfélaginu, bæði almennt og á tiltekin viðfangsefni. Nemendur læra helstu hugtök og lykilhugtök félagsfræðinnar.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennar þekkingar og hafa skilning á:

- kenningarsjónarhornum félagsfræðinnar; samskipta-, samvirkni- og átakakenningum
- meginindlegum og eigindlegum rannsóknaraðferðum
- helstu hugtökum félagsfræðinnar
- aðalatriðum femínískra kenninga

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita kenningum á mismunandi viðfangsefni
- beita hugtökum á mismunandi viðfangsefni
- taka fræðilega afstöðu til samfélagslegra álitamála
- þekkja lagskiptingu samfélaga
- setja samfélag nútímans í samhengi við kenningar og hugtök félagsfræðinnar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- sjá félagsleg hugðarefni út frá mismunandi kenningarlegum sjónarhornum
- geta metið eigið vinnuframlag og annarra
- geta sett fram þekkingu sína í ræðu og riti
- geta tekið þátt í umræðum og rökræðum
- geta beitt félagsfræðilegu innsæi

Mat á hæfniviðmiðum

- þátttaka nemenda í tímum
- skil á leshugleiðingum
- skil á verkefnum
- geta tekið þátt í hópavinnu

